

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar:

1. *Deiliskipulag íbúðarhúsalóða í landi Vatnsleysu í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsalóðum rétt norðan við bæjartorfu Vatnsleysu, með aðkomu af Þjóðvegi 356. Heimilt verður að reisa allt að 280 m² íbúðarhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 27. maí 2006.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hólatúns í landi Kjarnholta III í Biskupstungum.*
Svæðið er 22 ha að stærð og gert er ráð fyrir 32 lóðum í bilinu 5.300 - 8.400 m² að stærð og verður heimilt að byggja á þeim allt að 200 m² frístundahús og 25 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2006.
3. *Deiliskipulag íbúðarhúsalóðar í landi Höfða í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir allt að 500 m² íbúðarhúsi og allt að 350 m² skemmu á 5 ha lóð rétt suðvestan við bæjartorfu Höfða, með aðkomu frá Höfðavegi.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. október 2006.
4. *Deiliskipulag 14 ha spildu úr landi Miðhúsa í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir 4 lóðum, einni 7 ha með tveimur byggingareitum og þremur 2,3 ha lóðum með einum byggingareit hver. Heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús innan byggingareitar auk allt að 35 m² gestahús. Með samþykkt deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag fyrir svæðið frá 1999 með síðari breytingum.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
5. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Lambhaga í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum.*
Gert er ráð fyrir að á 48 ha svæði verði 47 frístundahúsalóðir. Stærðir lóða eru á bilinu 3.600-6.800 m², hámarksstærð húsa er 200 m² og aukahús 25 m² á hverri lóð. Þar sem þetta nýja deiliskipulag skarast við svæði gildandi skipulags fyrir sumarhúsa-hverfi í landi Syðri-Reykja frá 16. nóvember 1994, er mörkum þess deiliskipulags breytt samhliða.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.
6. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Reykja í Biskupstungum.*
Í breytingunni felst að núverandi lóðir eru hnitsettar, ein ný lóð bætist við auk þess sem lóðir fá nýtt heiti.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.

7. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Spóastaða í Biskupstungum.*
Nyrst á deiliskipulagssvæðinu á um 15 ha svæði er gert ráð fyrir 17 frístundalóðum. Stærð lóða er á bilinu 5.150 – 7.800 m². Heimilt er að reisa 50-200 m² frístundahús og 25 m² aukahús. Nýtingarhlutfall lóða má ekki vera hærra en 0,03. Hámarkshæð húsa 6 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. nóvember 2006.
8. *Breyting á deiliskipulagi sumarhúsaahverfis í landi Syðri-Reykja, Biskupstungum, hluti deiliskipulags fellur úr gildi.*
Breytingin felst í breyttri afmörkun deiliskipulagsins. Þ.e. að hluti þess eða 48 ha, fellur úr gildi þar sem nýtt deiliskipulag tekur yfir það svæði.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. september 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. desember 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2007